

Orkustofnun
Sylvía Rake! Guðjónsdóttir
Orkugarður, Grensásvegur 9
108 Reykjavík

Garðabær, 31. mars 2023
Málsnúmer: 202303-0029
IAS

Efni: Umsögn um umsókn Faxaflóahafna um leyfi til efnistöku við Akraneshöfn.

Vísað er í tölvupóst frá Orkustofnun, dags. 21. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Faxaflóahafna um leyfi til efnistöku utan netlaga við Akraneshöfn..

Fyrirhugað er að lengja aðalhafnargarðinn á Akranesi og dýpka innsiglingu og snúningssvæði við garðinn. Þetta felur í sér efnistöku á hafsbotni, alls um 150 000 m³. Öll efnistakan verður á núverandi hafnarsvæðum og verður efnið losað í hafið utan hafnargarðs þar sem landgerð er fyrirhuguð samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Framkvæmdaleyfi frá Akraneskaupstað liggur fyrir sem og leyfi frá Umhverfisstofnun fyrir losun efnisins í hafið. Framkvæmdirnar eru ekki á neinum verndarsvæðum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina eins og henni er lýst. Tryggja þarf þó að botnset sem losað sé utan hafnarsvæðis sé ekki mengað. Hafnarsvæðið og strandsvæðin vestan við höfnina eru búsvæði fugla allt árið um kring en sérstaklega má benda á að á vorin leitar mikið af æðarfugli í skjól við hafnargarðinn og á fyrirhugaðan efnislosunarstað. Það er æskilegt að framkvæmdir fari ekki fram þegar mikið er af fugli á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

